

# Intersheen 579

## Þynnispynnt akrýlmálning - þakmálning

### Efnislýsing

Intersheen 579 er einsþáttar, þynnispynnt akrýlmálning úr skipa- og iðnaðarlínu International. Hún er ætluð á fleti ofan sjólínu, þök, bárujárnshús og flesta aðra málmfleti utanhúss. Intersheen 579 er sérstaklega gerð fyrir loftfirrðar sprautur en stuttur þurrktími efnisins gefur kost á hröðu vinnuferli yfir stóra fleti. Sem þynnispynnt efni er Intersheen 579 hentugt til notkunar við lágt hitastig og heldur málingin mykt sinni og gljáa yfir tímann.

### Meðhöndlun

- Í nær öllum tilfellum er Intersheen 579 ætluð til notkunar yfir ráðlagða ryðvarnargrunna, það á bæði við um nýmálum og viðgerðir
- Þó ekkert ryð sé sjáanlegt ryð er mælt með að heilgrunna málaða fleti með viðloðunar- og ryðvarnargrunninum Intertuf 203. Þetta er gert bæði til að tefja hugsanlega ryðmyndun og tryggja góða viðloðun Intersheen 579
- Tryggið að yfirborð grunnins sé þurrt, hreint og fast í sér. Ef grunnurinn hefur staðið einn og sér í meira en 7 daga er mælt með að þrifa flötinn vel og endurgrunna með Intertuf 203. Notið fituhreinsi Málartvätt frá Nordsjö
- Ekki mála seint að deginum vegna hættu á daggarmyndun. Rakastig skal vera undir 80% og hitastig járnins verður að vera a.m.k. 3°C yfir daggarmarki
- Ráðlagt er að nota loftfirra (airless) sprautu með 417-421 eða 517-521 spíssvídd og 176-211 kg/sm<sup>2</sup> (172-206 bör) þrýsting. Það er hægt að rúlla og pensla málinguna en passið að efnið er hraðþornandi
- Intersheen 579 á að nota ópynnt. Í sértílvikum er hægt að þynna efnið með GTA007 þynni frá International en þá að hámarki 5%
- Ekki mála þykkt með Intersheen 579 til að spara umferðafjölda því þykkt lag mun ekki þorna í gegn og loka þynninn inni í filmunni. Við það myndast blöðrur í filmunni með tíð og tíma vegna veðunar og sólarljóss. Málið því ætíð tvær þunnar umferðir



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Tegund:** Þynnispynntur akrýll

**Gljástig:** 50%

**Þurrktími:** 30 mín við 23°C, 6 klst við 10°C

**Yfirmálun:** 4 klst við 23°C, 10 klst við 10°C

**Þynnir:** International GTA007

**Verkfæri:** Loftfirrð sprauta (ráðlagt), pensill, rúlla

**Þekja:** 8.5m<sup>2</sup>/l miðað við dæmigerða filmuþykkt

**Dæmigerð filmuþykkt:** 40µm

**Blossamark:** Yfir 23°C

**Umbúðir:** 5L, 20L

**Geymsla:** Í köldu og þurru rými

**VOC (rokgjörn lífræn efni):** 565g/l

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málingar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.